

Mál nr. 43/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging. Málskostnaðartrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. febrúar 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 2. mars 2022, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið í óvígðri sambúð með fyrrum sambylismanni sínum, A, í um fjögurra ára skeið, frá árinu 2016 til ársins 2020 er slitnaði upp úr sambúð þeirra. Undir lok sambandsins millifærði A 2.800.000 kr. inn á banka reikning M vegna fyrirhugaðs greiðslumats vegna fasteignakaupa sem M og A hugðust ráðast í. Ekkert varð af fasteignakaupum og stuttu síðar slitnaði upp úr sambúðinni. Rúmu eftir sambúðarslitin krafðist A endurgreiðslu frá M á umræddri fjárhæð á þeim grundvelli að um lán hefði verið að ræða. M hafnaði endurgreiðslu á þeim grundvelli að ekki hefði verið um lán að ræða. A höfðaði í nóvember 2021 mál á hendur M og krefst þess að M verði gert að endurgreiða fjármunina sem lán, að frádregnum tveimur innborgunum. Vegna þessa fór M fram á að V viðurkenndi bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að um væri að ræða ágreining vegna sambúðarslita sem undanskilinn er í tryggingunni. M mótmælir því að ágreiningur tengist sambúðarslitum. Um sé að ræða ágreining um það hvort fjármunir sem A millifærði á reikning M hafi verið lán, hvort stofnast hafi lánsloforð milli þeirra. Sá ágreiningur væri til staðar hvort sem um sambúðarslit væri að ræða eða ekki. Engin fjárskipti hafi farið fram milli aðila eftir sambúðarslitin og hefur hvorugur aðila gert kröfu um skipti á fjárfélagi þeirra.

V telur að málið hafi komið til vegna sambúðarslita og vísar því til stuðnings til greinargerðar lögmanns M dags. 11. janúar 2022 þar sem ýmislegt kemur fram sem styður það að málið hafi komið upp vegna sambúðarslita.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort dómsmáls milli M og A tengist sambúðarslitum þeirra og falli þar með undir undanþáguákvæði vátryggingarskilmálans. Samkvæmt vátryggingarskilmála málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar tekur vátryggingin til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Hins vegar er sú takmörkun á bótasviði vátryggingarinnar að hún bætir m.a. ekki málskostnað vegna ágreiningsmála er varða sambúðarslit. Meðal gagna málsins fyrir nefndinni eru stefna og greinargerð lögmannna A og M. Í stefnu er því haldið fram að um lán til M hafi verið að ræða sem hafði þann tilgang að létta greiðslubyrði M og aðstoða hana fjárhagslega. Í greinargerð lögmanns M er því mótmælt að um lán hafi verið að ræða og eru nokkrar málsástæður reifaðar, þar á meðal sú málsástæða að ekki hafi verið um lán að ræða, heldur sé krafa A í raun krafa um „*nokkurs konar fjárskipti milli þeirra, sem þó hafa aldrei farið fram.*” Í greinargerðinni segir jafnframt að ekkert fjárhagslegt uppgjör hafi farið fram milli aðila í kjölfar sambúðarslita eins og rétt hefði verið. Réttara hefði verið að farið hefðu fram fjárskipti milli aðila í stað þess að A höfðaði mál til endurgreiðslu fjármuna sem millifærðir voru af bankareikningi hans yfir á bankareikning M. Með slíkri kröfu getur aldrei fengist rétt mynd á það hvort krafan sé í raun og veru réttmæt, enda verður að taka í slíka mynd að um blandaðan fjárhag var að ræða milli sambúðaraðila.

Með vísan til ofangreindra málsástæðna lögmanns M í greinargerð sem lögð er fyrir héraðsdóm er ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að framangreindur málarekstur stendur í beinu sambandi við sambúðarslit M og A. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir